



Reykjavík, 8. október 2021

R21100076

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Lindargata 42, 44, 46 og Vatnsstígur 10-12 - reitur 1.152.5 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 7. október 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. september 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 29. september 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 42, 44 og 46 við Lindargötu og lóðir nr. 10 og 12 við Vatnsstíg, ásamt fylgiskjolum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, og Vinstrí grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skipulagið er unnið í samráði við Minjastofnun. Húsið við Vatnsstíg 12 verður flutt á nýjan grunn við Vatnsstíginn. Hús númer 10 er talið ónýtt. Með skipulaginu er heimilað að að byggja stúdentaíbúðir fyrir 122 námsmenn. Uppbyggingin verður hjá lykilás borgarlínu og býður upp á grænar tengingar við háskólasvæðið í Vatnsmýri. Mikilvægt er að huga að áferð og yfirbragði svæðisins í vinnunni framundan.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að tala um nýjar stúdentaíbúðir, án bílastæða. Fækka á bílastæðum úr 37 í 23 eða um 14 stæði. Bílum fer fjölgandi í borginni þrátt fyrir öfluga viðspyrnu og nánast „þvingunaraðgerðir“ meirihlutans að koma fólk í hjólin hvort sem þeir vilja eða geta. Eða þannig lítur þetta út í augum margra. Með skipulaginu á að byggja íbúðir fyrir 122 námsmenn sem ekki geta búið þarna nema þeir gangist undir ferðamáta með hjóli eða strætó. Nemendur hafa orðið lítið val um hvernig þeir vilja haya sínum ferðalífsmáta ætli þeir að búa miðsvæðis eða á þéttigarreitum.

Helga Björk Laxdal

e.u.